

Breytt fyrirkomulag vefmála

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð 9. janúar 2017

Helga Björg Ragnarsdóttir

Rafræn þjónustumiðstöð

Tillaga í borgarráði dags. 20. júní 2016

- Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnuð verði rafræn þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar. Einingin hafi þann megintilgang að þróa og breyta framlínuþjónustu borgarinnar á þann veg að sjálfsafgreiðsla verði ávallt fyrsti valkostur borgarbúa þar sem því verður við komið. **Jafnframt er rafrænni þjónustumiðstöð falið að stuðla að opnun rafrænnar gagnagáttar um fjármál borgarinnar, utanumhald og eftirfylgni með opnun annarra ópersónugreinanlegra gagna og birtingu fundargerða og fylgigagna ráða og nefnda borgarinnar, í samræmi við upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar og aðra samþykktu stefnumörkun um viðfangsefnin.** Rafræn þjónustumiðstöð verði þannig ein af leiðandi aðilum í þróun þjónustuveitingu borgarinnar. Skal rafræn þjónustumiðstöð vera staðsett á skrifstofu þjónustu og reksturs. Í upphafi er gert ráð fyrir fjórum stöðugildum innan einingarinnar, stjórnanda og þremur starfsmönnum, og einnig framlagi á fjárfestingaáætlun.

Hagræðingarvinna

- Hagræðingarvinna í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri þjónustu árið 2016
- Tillögur samþykktar í borgarráði 22. desember 2016

Tilfærsla vefmála

- Lagt er til að utanumhald vefþjónustu borgarinnar verði endurskoðuð í heild. Tæknilegur rekstur, þróun og utanumhald verði á höndum upplýsingatæknideildar og deildin reyni að tryggja örugga og hagkvæma hýsingu t.d. með alútboði.
- Vefteymi borgarinnar flytjist undir Rafræna þjónustumiðstöð. Teymið skilgreini þjónustustig og viðbragðsstig til að koma til móts við þarfir starfsstaða. Skoðað verði að einfalda lénastrúktúr borgarinnar þannig að undirstofnanir noti undirlén reykjavik.is fremur en sjálfstæð lén. Þó verði hugað að þörfum viðskiptavinahópa starfsstaðanna í hvert sinn.
- Reykjavik.is verði skilgreindur sem þjónustuvefur og umsjón hans flutt til Rafrænnar þjónustumiðstöðvar. Efnismeðhöndlun verði að mestu á höndum viðkomandi starfsstaða. Skilgreina þarf verkaskiptingu í upplýsinga- og vefmálum og tryggja gott samstarf þar á milli.
- Hagræðing nemi um einu stöðugildi eða um 8 mkr á ári.

Tilfærsla vefmála

- Deildarstjóri rafrænnar þjónustumiðstöðvar kominn til starfa
- Starfsfólk vefteymis flyst á höfðatorg 13. janúar
- Áhersla á virkt samstarf á milli rafrænnar þjónustumiðstöðvar og upplýsingadeildar